

Hestatrygging

Vátryggingarskilmálar nr. ED15

Um váttrygginguna gilda:

- Váttryggingarskírteinið ásamt áritunum og sér-skilmálum.
- Skilmálar þessir nr. ED15.
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í váttryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun ganga framur ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í váttryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framur frávikjanlegum lagaákvæðum.

Efnisyfirlit:

- I. Inngangur
- II. Almennir skilmálar
- III. Sjúkrakostnaðartrygging
- IV. Góðhestatrygging
 - A. Lífttrygging
 - B. Afnotamissistrygging
 - C. Sameiginleg ákvæði
- V. Reiðhestatrygging
 - A. Takmörkuð lífttrygging
 - B. Afnotamissistrygging
 - C. Sameiginleg ákvæði
- VI. Kynbótahryssutrygging
 - A. Takmörkuð lífttrygging
 - B. fnotamissistrygging
 - C. Fyl- og folaldatrygging
 - D. Sameiginleg ákvæði
- VII. Takmörkuð lífttrygging
- VIII. Ófrjósemistrygging fyrir stóðhesta
Eingöngu hægt að kaupa með lífttryggingum
- IX. Ábyrgðartrygging

I. Inngangur

Í skilmálum þessum er að finna skilmála fyrir váttryggingar í Hestatryggingu VÍS svo og almenna skilmála fyrir þær váttryggingar. Á váttryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun kemur fram hvaða váttryggingar eru í gildi fyrir viðkomandi hest.

II. Almennir skilmálar

Efnisyfirlit:

1. Váttryggðir hagsmunir
2. Váttryggður
3. Váttryggingin gildir
4. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
5. Varúðarreglur
6. Brot á varúðarreglum
7. Samsömun
8. Greiðsla iðgjalds
9. Endurgreiðsla iðgjalds
10. Eigendaskipti
11. Slys
12. Sjúkdómur
13. Lækniskostnaður
14. Læknismeðferð
15. Tvíttrygging
16. Umferðaróhapp
17. Krufning
18. Upplýsingaöflun
19. Fyrning

1. Vátryggðir hagsmunir

Vátryggingin tekur til þess hests sem tilgreindur er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

2. Vátryggður

- 2.1 Eigandi hestsins er vátryggður.
- 2.2 Veðhafar og aðrir þeir sem eiga fjárhagslega hagsmuni í hinu vátryggða eru ekki meðvátryggðir í skilningi laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

3. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir á Íslandi.

4. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

- 4.1 Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.
- 4.2 Styrjalдар, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
- 4.3 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

5. Varúðarreglur

- 5.1 Umhirða hestsins, vistarverur og fóðrun skal vera í samræmi við ákvæði laga um dýravernd nr. 15/1994 með síðari breytingum, svo og önnur lög og reglugerðir sem við eiga.
- 5.2 Fylgja skal reglum sveitarfélaga um lausagöngu. Með eftirliti og viðhaldi girðinga skal halda hestinum innan fyrirhugaðs og löglegs svæðis.
- 5.3 Hesturinn skal bólusettur fyrir þeim sjúkdómum og sýkingum sem dýralæknar ráðleggja og við eiga á viðkomandi stað eða landssvæði. Jafnframt skulu lyf notuð til að eyða lús, eftir því sem þörf er á.
- 5.4 Vanda skal umhirðu tanna og hófa og viðhafa reglulega fyrirbyggjandi aðgerðir svo sem röspun tanngadda, járningar reiðhesta og tálgun og hreinsun hófa. Viðurkenndir járningamenn skulu járna keppnis- og kynbótahross.
- 5.5 Ormahreinsun skal fara fram a.m.k. tvisvar á ári eftir ráðleggingum dýralækna.
- 5.6 Þegar hestur hverfur ber vátryggingartaka að auglýsa eftir honum í fjölmiðlum og standa fyrir leit að honum.
- 5.7 Vátryggingartaki skal hafa samband við dýralækni eins fljótt og auðið er, ef hesturinn sýnir merki um lasleika eða vanheilsu. Einnig skal tafarlaust hafa samband við dýralækni hraki heilsu hestsins meðan á meðferð stendur. Fylgja skal fyrirmælum dýralæknis skilyrðislaust á meðan hesturinn er í meðferð hjá honum vegna sjúkdóms eða slyss.

Vátryggingartaki skal halda utan um allar vitjanir og heimsóknir hestsins til dýralæknis.

6. Brot á varúðarreglum

Skylt er að fara eftir varúðarreglum í skilmálum þessum. Sé varúðarreglum ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

7. Samsömun

- 7.1 Félaginu er heimilt að bera fyrir sig háttsemi manns sem með samþykki vátryggðs er ábyrgur fyrir hinum vátryggða hesti.
- 7.2 Í atvinnurekstri getur félagið borið fyrir sig háttsemi stjórnenda vátryggðs og umsjónarmanni hins vátryggða hesti.

8. Greiðsla iðgjalds

- 8.1 Iðgjald fyrir vátrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðsla þess er krafist.

- 8.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu váttryggingarsamnings, sbr. 33. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

9. Endurgreiðsla iðgjalds

- 9.1 Falli váttryggingarsamningur úr gildi áður en váttryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem váttryggður hefur greitt fyrir og váttryggingin er ekki í gildi.
- 9.2 Þetta gildir þó ekki ef váttryggingarsamningur hefur fallið úr gildi vegna þess að félagið hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða bætur fyrir algert tjón.
- 9.3 Ef tjón er bætt úr líftryggingu eða afnotamissistryggingu falla allar tryggingar hestsins í Hestatryggingar niður frá tjónsdegi. Ef hesturinn lifir gildir ábyrgðartryggingin þó áfram, ef hún var til staðar þegar tjónið varð.

10. Eigendaskipti

Ef eigendaskipti verða að hinum váttryggða hesti fellur váttryggingin úr gildi þegar eigendaskipti hafa átt sér stað. Félagið er þrátt fyrir þetta ábyrgt ef váttryggingaratburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum ef hinn nýi eigandi hefur ekki sjálfur tekið váttryggingu.

11. Slys

Með orðinu slys er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð, eða verknað hestsins sjálfs, sem veldur meiðslum á hestinum og gerist án vilja þess sem annast hann.

12. Sjúkdómur

Með orðinu sjúkdómur er átt við að hesturinn veikist af þekktum og skilgreindum sjúkdómi.

13. Lækniskostnaður

- 13.1 Með orðinu lækniskostnaður er átt við greiðslur til dýralæknis, dýralæknastofu eða dýraspítala á Íslandi vegna skoðunar eða meðferðar vegna sjúkdóms og slyss. Enn fremur lyfja sem sömu aðilar afhenda eða ávísa vegna sjúkdóma og slysa.
- 13.2 Ferða- og flutningskostnaður vegna meðferðar og skoðunar telst ekki vera lækniskostnaður.
- 13.3 Kostnaður vegna sjúkrahjálfnar og endurhæfingar telst ekki vera lækniskostnaður.
- 13.4 Fóður, fæðubótarefni, heilsu- og hreinlætisvörur og aðrar sambærilegar vörur teljast ekki vera lækniskostnaður.

14. Læknismeðferð

Skoðun og meðferð skal vera framkvæmd af dýralækni með starfsleyfi á Íslandi og í samræmi við reynslu, sérfræðipækkingu og viðurkenndar aðferðir á sviði dýralækninga.

15. Tvítrygging

- 15.1 Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina váttryggingu getur váttryggður valið hvaða váttryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.
- 15.2 Ef fleiri en eitt váttryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 15.1 skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.

16. Umferðaróhapp

Ef ekið er á hestinn verður að skila inn upplýsingum um hvaða ökutæki átti í hlut. Ef það er ekki vitað skal tilkynna lögreglu um að ekið hafi verið á hestinn og skila lögregluskýrslu til félagsins.

17. Krufning

Félagið getur farið fram á krufningu telji félagið að það sé nauðsynlegt til að skera úr um bótaskyldu eða orsök fyrir dauða hestsins. Í slíkum tilfellum greiðir félagið krufninguna.

18. Upplýsingaöflun

Við uppgjör tjóns og ákvörðun bótaskyldu er félaginu heimilt að afla upplýsinga hjá dýralæknum um fyrri sjúkrasögu og heilsufar hestsins og annað sem skipt getur máli við uppgjör tjónsins.

19. Fyrning

- 19.1 Vegna ábyrgðartryggingar fyrnist ábyrgð félagsins samkvæmt reglum um fyrningu skaðabótaábyrgðar, sbr. 2. mgr. 52. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 19.2 Vegna annarra váttrygginga fyrnist krafa um bætur á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er váttryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum frá lokum þess almanaksárs er váttryggingaratburður varð.

III. Sjúkrakostnaðartrygging

Efnisyfirlit:

1. Bótasvið
2. Váttryggingarfjárhæð
3. Eigin áhætta
4. Bótakrafa
5. Aldurstakmörk

1. Bótasvið

Váttryggingin bætir læknskostnað vegna:

- 1.1 Skoðunar og meðferðar hestsins vegna sjúkdóms eða slyss.
- 1.2 Bæklunaraðgerða vegna fæðingargalla fyrir folöld til og með 1½ árs aldurs ef um einhvern eftirfarandi sjúkdóm er að ræða: Samdrátt í sinum, klofinn hóf eða skekkju í vaxtarlínu fóta (bone axis deviation).
- 1.2.1 Bætur samkvæmt gr. 1.2. eru greiddar vegna alls tímabilsins sem viðkomandi meðferð stendur yfir.
Sé hryssa einnig líftryggð bætir váttryggingin að auki læknskostnað fyrir folald sem fylgir henni, í allt að þrjátíu daga eftir fæðingu folaldsins.

Váttryggingin bætir ekki læknskostnað vegna:

- 1.3 Sjúkdóms sem hesturinn fær innan 20 daga frá gildistöku váttryggingarinnar, eða vegna sjúkdóms eða slyss sem átti sér upphaf fyrir þann tíma sem váttryggingin tók gildi, hvort sem greining hafði átt sér stað eða ekki. Ákvörðun um upphaf sjúkdóms eða meiðsla grundvallast á álitum dýralæknis. Félagið áskilur sér rétt til að leita sérfræðiálits dýralæknis.
- 1.4 Segulóm skoðunar (Magnetic Resonance Imaging, MRI) eða sneiðmyndatöku (Computer Tomography, CT).
- 1.5 Sýnatöku og rannsóknar til þess að ákvarða mótefni eða styrk mótefna.
- 1.6 Fyrirbyggjandi aðgerða og reglulegra skoðana.
- 1.7 Skoðunar og meðferðar sem ekki er lækni-fræðilega nauðsynleg og/eða réttlætanleg.
- 1.8 Óhefðbundinna lækninga. Þó er kostnaður vegna nálastungumeðferðar innifalinn sé hún framkvæmd af dýralækni sem hefur réttindi til slíkra lækninga. Kostnaður við lasergeisla-meðferð er aðeins greiddur ef um er að ræða meðferð á sárum.
- 1.9 Geldingar eða skurðaðgerðar vegna launeista (cryptorchidism).
- 1.10 Meðferðar sem miðar að því að fylja hryssu, t.d. sýnataka, hormónameðferð, skolun á legi eða almenn meðferð í þessum tilgangi.

- 1.11 Skoðunar eða meðferðar á tönnum, svo og aðgerðar við að fjarlægja úlfatennur (wolf teeth, PM1). Vátryggingin bætir þó meðferð vegna tannrótarbólgu og meðhöndlun á tönnum sem brotna vegna slyss.
- 1.12 Geðslagsvandamála, sjúklegrar greddu eða slæmra siða (húslasta).
- 1.13 Járninga. Þó er kostnaður við umbúðir um veikan hóf greiddur ef búið er um hófinn af dýralækni eða ef dýralæknir felur viðurkenndum járningamanni að búa um hófinn. Í slíkum tilvikum þarf að senda tilvísun dýralæknisins með bótakröfunni. Bætur eru eingöngu greiddar fyrir fyrstu umbúðir og eingöngu vegna eftirfarandi sjúkdóma: Hófsperru, holti í sperrilegg (lameness in the radius), beinþynningar, brots og/eða sprungna í hófbeini, hols hófveggjar, sýkingar í hófi, aðskotahlutar í hófbotni og/eða hóftungu, sprungu í hófvegg eða alvarlegra hófskemmda og/eða sára.

Félagið greiðir ekki:

- 1.14 Álag á læknskostnað vegna þess að leita þurfti til dýralæknis utan dagvinnutíma, nema brýna nauðsyn hafi borið til.
- 1.15 Kostnað vegna lyfseðla, reikningsgerðar, vottorða eða sjúkraskýrslugerðar.

2. Vátryggingarfjárhæð

Vátryggingarfjárhæð, sem er hámarksbætur í hverjum tjónsatburði, og jafnframt hámarksbætur á hverju vátryggingartímabili kemur fram á vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun.

Þegar talað er um hámarksbætur er átt við bætur þegar búið er að draga eigin áhættu frá.

3. Eigin áhætta

- 3.1 Hvert tímabil eigin áhættu er 100 dagar.
- 3.2 Á hverju tímabili greiðir vátryggingartaki einu sinni fasta fjárhæð í eigin áhættu sem er tilgreind á vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun og síðan 10% af læknskostnaði á tímabilinu umfram hana.

Upphaf tímabils miðast við þá dagsetningu er fyrst er leitað til dýralæknis vegna tjóns sem telst bótaskyld úr vátryggingunni. Tímabilinu lýkur 100 dögum síðar.

Næsta tímabil eigin áhættu hefst síðan við næstu heimsókn til dýralæknis vegna bótaskylds tjóns.

4. Bótakrafa

Með bótakröfu skal skila nákvæmri sundurliðun á kostnaði við meðferð og skoðun. Þar skal einnig koma skýrt fram vegna hvaða hests kostnaðurinn er, með því að láta fylgja upplýsingar um nafn hestsins, uppruna, aldur, og einstaklingsmerkingu, svo sem örmerki eða frostmerki auk annarra einkenna hestsins.

5. Aldurstakmörk

- 5.1 Við upphaf vátryggingarinnar skal hestur ekki vera eldri en 15 vetra.
- 5.2 Við endurnýjun vátryggingarinnar á því almanaksári sem hesturinn verður 19 vetra lækkar vátryggingarfjárhæðin um 20% og síðan árlega um 20% af vátryggingarfjárhæðinni hverju sinni við endurnýjun eftir það. Vátryggingin fellur síðan niður og endurnýjast ekki þegar hesturinn hefur náð 23 vetra aldri.

IV. Góðhestatrygging

Vátryggingin innifelur líftryggingu og afnotamissistryggingu.

Efnisyfirlit:

- A. Líftrygging
 1. Bótasvið
- B. Afnotamissistrygging
 2. Bótasvið
- C. Sameiginleg ákvæði góðhestatryggingar
 3. Vátryggingarfjárhæð
 4. Ákvörðun bóta
 5. Aldurstakmörk

A. Líftrygging

1. Bótasvið

Félagið greiðir bætur ef :

- 1.1 Hesturinn deyr af völdum sjúkdóms eða slyss.
- 1.2 Hesturinn er svo sjúkur eða slasaður að aflifun er ráðlögð af dýralækni, þar sem lækni meðferð bryti í bága við dýraverndunarsjónarmið.
- 1.3 Hesturinn hverfur og þrátt fyrir auglýsingu og eðlilega leit finnst ekki aftur innan fjögurra mánaða.

Félagið greiðir ekki bætur ef hesturinn deyr eða aflífa þarf hann vegna:

- 1.4 Sjúkdóms sem hesturinn fær innan 20 daga frá gildistöku váttryggingarinnar, eða vegna sjúkdóms eða slyss sem átti sér upphaf fyrir þann tíma sem váttryggingin tók gildi, hvort sem greining hafði átt sér stað eða ekki. Ákvörðun um upphaf sjúkdóms eða meiðsla grundvallast á álitum dýralæknis. Félagið áskilur sér rétt til að leita sérfræðiálits dýralæknis.

Framangreint ákvæði á einnig við ef að váttryggingarfjárhæð váttryggingarinnar er hækkuð að beiðni váttryggingartaka, í slíkum tilfellum gildir eldri váttryggingarfjárhæð.
- 1.5 Geðslagsvandamála, sjúklegrar greddu eða slæmra siða (húslasta).
- 1.6 Stífkrampa, ef hesturinn hefur ekki verið bólusettur á fullnægjandi hátt.
- 1.7 Spatts.
- 1.8 Fyrimæla opinberra yfirvalda eða annarra sambærilegra ráðstafana.

B. Afnotamissistrygging

2. Bótasvið

- 2.1 Félagið greiðir bætur ef hesturinn er úrskurðaður ónothæfur til reiðar í kjölfar sjúkdóms eða slyss og hefur sannanlega, þrátt fyrir viðeigandi ráðstafanir dýralæknis, tapað til frambúðar eiginleikum sínum sem voru nauðsynlegir til reiðar.
- 2.1.1 Félagið greiðir ekki bætur fyrir en hesturinn hefur verið felldur.
- 2.2 Félagið greiðir hlutabætur þegar hestur hefur verið úrskurðaður ónothæfur til reiðar í kjölfar sjúkdóms eða slyss, þrátt fyrir viðeigandi ráðstafanir og þjónustu dýralæknis, ef váttryggingartaki kýs að halda hestinum í ljósi þess að hesturinn telst hafa, að mati dýralæknis og að teknu tilliti til dýraverndunarsjónarmiða, náð nógu miklum bata til að lifa áfram.

Félagið greiðir ekki bætur vegna:

- 2.3 Sjúkdóms sem hesturinn fær innan 20 daga frá gildistöku váttryggingarinnar, eða vegna sjúkdóms eða slyss sem átti sér upphaf fyrir þann tíma sem váttryggingin tók gildi, hvort sem greining hafði átt sér stað eða ekki. Ákvörðun um upphaf sjúkdóms eða meiðsla grundvallast á álitum dýralæknis. Félagið áskilur sér rétt til að leita sérfræðiálits dýralæknis.

Framangreint ákvæði á einnig við ef að váttryggingarfjárhæð váttryggingarinnar er hækkuð að beiðni váttryggingartaka, í slíkum tilfellum gildir eldri váttryggingarfjárhæð.
- 2.4 Geðslagsvandamála, sjúklegrar greddu eða slæmra siða (húslasta).
- 2.5 Missis eða skerðingar á hæfni hrossins til notkunar við ræktun.
- 2.6 Þess að hesturinn telst ekki hæfur til ræktunar vegna vandamála er tengjast erfðagalla hans.
- 2.7 Spatts.
- 2.8 Stífkrampa, ef hesturinn hefur ekki verið bólusettur á fullnægjandi hátt.

C. Sameiginleg ákvæði vegna góðhestatryggingar

3. Váttryggingarfjárhæð

- 3.1 Váttryggingarfjárhæðir koma fram á váttryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun.
- 3.2 Váttryggingarfjárhæð hestsins skal vera jafnhá markaðsvirði hans og er ákveðin með hliðsjón af kaupverði og viðurkenndum verðleikum.

3.3 Upphæð váttryggingarfjárhæðar er ekki sönnun fyrir verðmæti hestsins.

4. Ákvörðun bóta

4.1 Bætur skulu miðaðar við markaðsvirði hestsins á tjónsdegi, en geta þó aldrei orðið hærri en váttryggingarfjárhæð.

4.2 Hlutabætur samkvæmt gr. 2.2 eru alltaf 100.000 kr. lægri en bætur hefðu orðið samkvæmt gr. 4.1.

5. Aldurstakmörk

5.1 Við upphaf váttryggingarinnar skal hestur ekki vera eldri en 15 vetra.

5.2 Við endurnýjun váttryggingarinnar á því almanaksári sem hesturinn verður 19 vetra lækkar váttryggingarfjárhæð um 20% og síðan árlega um 20% af váttryggingarfjárhæð hverju sinni við endurnýjun eftir það. Váttryggingin fellur síðan niður og endurnýjast ekki þegar hesturinn hefur náð 23 vetra aldri.

V. Reiðhestatrygging

Váttryggingin innifelur takmarkaða líftryggingu og afnotamissistryggingu.

Efnisyfirlit:

- A. Takmörkuð líftrygging
 - 1. Bótasvið
 - B. Afnotamissistrygging
 - 2. Bótasvið
 - C. Sameiginleg ákvæði reiðhestatryggingar
 - 3. Váttryggingarfjárhæð
 - 4. Ákvörðun bóta
 - 5. Aldurstakmörk

A. Takmörkuð líftrygging

1. Bótasvið

Félagið greiðir bætur ef:

- 1.1 Hesturinn deyr af völdum sjúkdóms eða slyss.
- 1.2 Hesturinn er svo sjúkur eða slasaður að tafarlaust aflífun er ráðlögð af dýralækni, þar sem læknismeðferð bryti í bága við dýraverndunarsjónarmið.
- 1.3 Hesturinn hverfur og þrátt fyrir auglýsingu og eðlilega leit finnst ekki aftur innan fjögurra mánaða.

Félagið greiðir ekki bætur ef hesturinn deyr eða aflífa þarf hann vegna:

- 1.4 Sjúkdóms sem hesturinn fær innan 20 daga frá gildistöku váttryggingarinnar, eða vegna sjúkdóms eða slyss sem átti sér upphaf fyrir þann tíma sem váttryggingin tók gildi, hvort sem greining hafði átt sér stað eða ekki. Ákvörðun um upphaf sjúkdóms eða meiðsla grundvallast á álitum dýralæknis. Félagið áskilur sér rétt til að leita sérfræðiálits dýralæknis.

Framangreint ákvæði á einnig við ef að váttryggingarfjárhæð váttryggingarinnar er hækkuð að beiðni váttryggingartaka, í slíkum tilfellum gildir eldri váttryggingarfjárhæð.

- 1.5 Geðslagsvandamála, sjúklegrar greddu eða slæmra siða (húslasta).
- 1.6 Stífkrampa ef hesturinn hefur ekki verið bólusettur á fullnægjandi hátt.
- 1.7 Spatts eða annarra viðvarandi hreyfivandamála svo og viðvarandi vandamála sem verða skyndilega alvarleg.
- 1.8 Fyrirmæla opinberra yfirvalda eða annarra sambærilegra ráðstafana.
- 1.9 Heltis
- 1.10 Líkamlegra þroskahamlana.
- 1.11 Brots eða sprungu í beinvef sem sýnir merki um veikleika, beineyðingu (decalcification), hörðun (sclerosis) eða gigt.
- 1.12 Viðvarandi vandamála í öndunarfærum og viðvarandi vandamála sem verða skyndilega alvarleg.

B. Afnotamissistrygging

2. Bótasvið

- 2.1 Félagið greiðir bætur ef hesturinn er úrskurðaður ónothæfur til reiðar í kjölfar sjúkdóms eða slyss og hefur sannanlega, þrátt fyrir viðeigandi ráðstafanir dýralæknis, tapað til frambúðar eiginleikum sínum sem voru nauðsynlegir til reiðar vegna einhvers eftirfarandi:
 - 2.1.1 Sára.
 - 2.1.2 Brots eða sprungu í beinvef sem sýnir engin merki um veikleika, beineyðingu (decalcification), hörðun (sclerosis) eða gigt.
 - 2.1.3 Sýkingar í liðamótum.
 - 2.1.4 Hófsperru (laminitis), kólkunar í hófbrjóski (sidebone ossification), hófbrjóskgangs (hoof cartilage fistula), hófkrabbameins (hoof cancer), sýkingar í hófi (hoof abscess), hófsprungu (hoof crack), klofins hófveggjar (hoofwall cleft), hols hófveggjar (hollow wall), lélegs hornefnis (poor horn quality), hóftungurots (thrush) og krabbameins í frumum sem framleiða hornefni í hófvegg (keratoma).
 - 2.1.5 Beinklökkva, bein- og brjóskkvellis (osteochondrosis) og annarra bein- og/eða brjóskagna. Þetta á við um kjúkuliði og hækil.
 - 2.1.6 Lungnabólgu (pneumonia).
 - 2.1.7 Viðvarandi (króníks) hjartagalla.
 - 2.1.8 Flutningaveiki (transportation disease) og brjósthimnubólgu (pleurisy).
 - 2.1.9 Síendurtekinnar hrossasóttar (colic).
 - 2.1.10 Húðsjúkdóma.
 - 2.1.11 Augnsjúkdóma.
 - 2.1.12 Bólgu í holrúmum höfuðkúpubeina (sinusitis).
 - 2.1.13 Æxlis (neoplastic diseases, tumor diseases).
 - 2.1.14 Félagið greiðir ekki bætur fyrir en hesturinn hefur verið felldur.
- 2.2 Félagið greiðir hlutabætur þegar hestur er úrskurðaður ónothæfur til reiðar, vegna tilvika sem talin eru upp í gr. 2.1.1 til 2.1.13 þrátt fyrir viðeigandi ráðstafanir og þjónustu dýralæknis, ef váttryggingartaki kýs að halda hestinum í ljósi þess að hesturinn telst hafa, að mati dýralæknis og að teknu tilliti til dýraverndunarsjónarmiða, náð nógu miklum bata til að lifa áfram.

Félagið greiðir ekki bætur vegna:
- 2.3 Sjúkdóms sem hesturinn fær innan 20 daga frá gildistöku váttryggingarinnar, eða vegna sjúkdóms eða slyss sem átti sér upphaf fyrir þann tíma sem váttryggingin tók gildi, hvort sem greining hafði átt sér stað eða ekki. Ákvörðun um upphaf sjúkdóms eða meiðsla grundvallast á áliti dýralæknis. Félagið áskilur sér rétt til að leita sérfræðiálits dýralæknis.

Framangreint ákvæði á einnig við ef að váttryggingarfjárhæð váttryggingarinnar er hækkuð að beiðni váttryggingartaka, í slíkum tilfellum gildir eldri váttryggingarfjárhæð.
- 2.4 Annarra sjúkdómsgreininga en þeirra sem tilgreindar eru í gr. 2.1.1 til 2.1.13.
- 2.5 Geðslagsvandamála, sjúklegrar greddu eða slæmra siða (húslasta).
- 2.6 Stífkrampa, ef hesturinn hefur ekki verið bólusettur á fullnægjandi hátt.

C. Sameiginleg ákvæði vegna reiðhestatryggingar

3. Váttryggingarfjárhæð

- 3.1 Váttryggingarfjárhæðir koma fram á váttryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun.
- 3.2 Váttryggingarfjárhæð hestsins skal vera jafnhá markaðsvirði hans og er ákveðin með hliðsjón af kaupverði og viðurkenndum verðleikum.
- 3.3 Upphæð váttryggingarfjárhæðar er ekki sönnun fyrir verðmæti hestsins.

4. Ákvörðun bóta

- 4.1 Bætur skulu miðaðar við markaðsvirði hestsins á tjónsdegi, en geta þó aldrei orðið hærri en váttryggingarfjárhæð.

4.2 Hlutabætur samkvæmt gr. 2.2 eru alltaf 100.000 kr. lægri en bætur hefðu orðið samkvæmt gr. 4.1.

5. Aldurstakmörk

- 5.1 Við upphaf váttryggingarinnar skal hestur ekki vera eldri en 15 vetra.
- 5.2 Við endurnýjun váttryggingarinnar á því almanaksári sem hesturinn verður 19 vetra lækkar váttryggingarfjárhæðin um 20% og síðan árlega um 20% af váttryggingarfjárhæðinni hverju sinni við endurnýjun eftir það. Váttryggingin fellur síðan niður og endurnýjast ekki þegar hesturinn hefur náð 23 vetra aldri.

VI. Kynbótahryssutrygging

Váttryggingin innifelur takmarkaða líftryggingu, afnotamissistryggingu, og fyl- og folaldatryggingu fyrir kynbótahryssu.

Efnisyfirlit:

- A. Takmörkuð líftrygging
 - 1. Bótasvið
- B. Afnotamissistrygging
 - 2. Bótasvið
- C. Fyl- og folaldatrygging
 - 3. Bótasvið
- 4. Lok váttryggingar
- D. Sameiginleg ákvæði kynbótahryssutryggingar
 - 5. Váttryggingarfjárhæð
 - 6. Ákvörðun bóta
 - 7. Aldurstakmörk

A. Takmörkuð líftrygging

1. Bótasvið

Félagið greiðir bætur ef:

- 1.1 Hryssan deyr af völdum sjúkdóms eða slyss.
- 1.2 Hryssan er svo sjúk eða slösuð að dýralæknir ráðleggur tafarlausa aflífun, þar sem lækni meðferð bryti í bága við dýraverndunarsjónarmið.
- 1.3 Hryssan hverfur og þrátt fyrir auglýsingu og eðlilega leit finnst ekki aftur innan fjögurra mánaða.

Félagið greiðir ekki bætur ef hryssan deyr eða aflífa þarf hana vegna:

- 1.4 Sjúkdóms sem hryssan fær innan 20 daga frá gildistöku váttryggingarinnar, eða vegna sjúkdóms eða slyss sem átti sér upphaf fyrir þann tíma sem váttryggingin tók gildi, hvort sem greining hafði átt sér stað eða ekki. Ákvörðun um upphaf sjúkdóms eða meiðsla grundvallast á áliti dýralæknis. Félagið áskilur sér rétt til að leita sérfræðiálits dýralæknis.

Framangreint ákvæði á einnig við ef að váttryggingarfjárhæð váttryggingarinnar er hækkuð að beiðni váttryggingartaka, í slíkum tilfellum gildir eldri váttryggingarfjárhæð.

- 1.5 Geðslagsvandamála, sjúklegrar greddu eða slæmra siða (húslasta).
- 1.6 Stífkrampa ef hryssan hefur ekki verið bólusettt á fullnægjandi hátt.
- 1.7 Spatts eða annarra viðvarandi hreyfivandamála svo og viðvarandi vandamála sem verða skyndilega alvarleg.
- 1.8 Fyrirmæla opinberra yfirvalda eða annarra sambærilegra ráðstafana.
- 1.9 Heltis.
- 1.10 Líkamlegra þroskahamlana.
- 1.11 Brots eða sprungu í beinvef sem sýnir merki um veikleika, beineyðingu (decalcification), hörðun (sclerosis), eða gigt.
- 1.12 Viðvarandi vandamála í öndunarfærum og viðvarandi vandamála sem verða skyndilega alvarleg.

B. Afnotamissistrygging

2. Bótasvið

- 2.1 Félagið greiðir váttryggingarfjárhæðina ef hryssan er úrskurðuð ónothæf til ræktunar, í kjölfar sjúkdóms eða slyss og hefur sannanlega, þrátt fyrir viðeigandi ráðstafanir dýralæknis, tapað til frambúðar eiginleikum sínum sem voru nauðsynlegir til ræktunar vegna einhvers eftirfarandi:
 - 2.1.1 Alvarlegra áverka á kynfærum.
 - 2.1.2 Sjúkdóma og áverka vegna köstunar.
 - 2.1.3 Æxlis (neoplastic diseases, tumor diseases).
 - 2.1.4 Sára.
 - 2.1.5 Brots eða sprungu í beinvef sem sýnir engin merki um veikleika, beineyðingu (decalcification), hörðnun (sclerosis) eða gigt.
 - 2.1.6 Hófsperru (laminitis), kölkunar í hófbrjóski (sidebone ossification), hófbrjóskgangs (hoof cartilage fistula), hófkrabbameins (hoof cancer), sýkingar í hófi (hoof abscess), hófsprungu (hoof crack), klofins hófveggjar (hoofwall cleft), hols hófveggjar (hollow wall), lélegs hornefnis (poor horn quality), hóftungurots (thrush) og krabbameins í frumum sem framleiða hornefni í hófvegg (keratoma).
 - 2.1.7 Flutningaveiki (transportation disease) og brjósthimnubólgu (pleurisy).
 - 2.1.8 Viðvarandi (krónísk) hjartagalla.
 - 2.1.9 Síendurtekinnar hrossasóttar (colic).
 - 2.1.10 Húðsjúkdóma.
 - 2.1.11 Augnsjúkdóma.
 - 2.1.12 Bólgu í holrúmum höfuðkúpubeina (sinusitis).
 - 2.1.13 Bætur eru ekki greiddar fyrir en hryssan hefur verið felld.
- 2.2 Félagið greiðir hlutabætur af váttryggingarfjárhæðinni þegar hryssan er úrskurðuð ónothæf til ræktunar, vegna tilvika sem talin eru upp í gr. 2.1.1 til 2.1.12 þrátt fyrir viðeigandi ráðstafanir og þjónustu dýralæknis, ef váttryggingartaki kýs að halda hryssunni í ljósi þess að hún telst hafa, að mati dýralæknis og að teknu tilliti til dýraverndunarsjónarmiða, náð nógu miklum bata til að lifa áfram.

Félagið greiðir ekki bætur vegna:
- 2.3 Sjúkdóms sem hryssan fær innan 20 daga frá gildistöku váttryggingarinnar, eða vegna sjúkdóms eða slyss sem átti sér upphaf fyrir þann tíma sem váttryggingin tók gildi, hvort sem greining hafði átt sér stað eða ekki. Ákvörðun um upphaf sjúkdóms eða meiðsla grundvallast á álitum dýralæknis. Félagið áskilur sér rétt til að leita sérfræðiálits dýralæknis.

Framangreint ákvæði á einnig við ef að váttryggingarfjárhæð váttryggingarinnar er hækkuð að beiðni váttryggingartaka, í slíkum tilfellum gildir eldri váttryggingarfjárhæð.
- 2.4 Annarra sjúkdómsgreininga en þeirra sem tilgreindar eru í gr. 2.1.1 til 2.1.12.
- 2.5 Geðslagsvandamála, sjúklegrar greddu eða slæmra síða (húslasta).
- 2.6 Stífkrampa, ef hryssan hefur ekki verið bólusettt á fullnægjandi hátt.

C. Fyl- og folaldatrygging

3. Bótasvið

- 3.1 Félagið greiðir bætur sem nema 10% af líftryggingarfjárhæð hryssunnar fyrir fyl í hryssu eða folald ef hryssan er á aldrinum þriggja til átján vetra ef:
 - 3.1.1 Fylið ferst á 91. degi eða síðar frá því að hryssan var síðast hjá stóðhesti, af völdum fósturláts, erfiðleika við köstun, eða dauða hryssunnar. Staðfesting dýralæknis á fósturláti þarf að liggja fyrir.
 - 3.1.2 Ekkert fyl eða folald skilar sér hjá hryssu sem þó hefur verið staðfest fylfull með fangskoðun dýralæknis eða ómskoðun. Ómskoðun þarf að hafa farið fram í fyrsta lagi 45 dögum eftir að hryssan var síðast hjá stóðhesti og fangskoðun í fyrsta lagi 90 dögum eftir að hryssan var síðast hjá stóðhesti.
 - 3.1.3 Folaldið drepst eða það þarf að aflifa það innan 30 daga frá fæðingu vegna meiðsla, sjúkdóms eða fæðingargalla.

- 3.2 Bætur eru aðeins greiddar út tvisvar á ævi hvernar hryssu. Sú takmörkun á þó ekki við ef folald ferst eða fella þarf það vegna áverka sem hljóttast af slysi.
- 3.3 Ef um fjölburaæðingu er að ræða, eru aðeins greiddar bætur fyrir eitt folald (fyl). Ef eitthvert folaldanna lifir, eru engar bætur greiddar.
- Félagið greiðir ekki bætur ef:**
- 3.4 Vátryggingin er tekin síðar en níu mánuðum eftir að hryssan var síðast hjá stóðhesti. Sama á við ef hryssan deyr eða hún er felld vegna áverka og/eða sjúkdóms sem var til staðar þegar vátryggingin var keypt.

4. Lok vátryggingar

Vátryggingin gildir þar til líftrygging er keypt fyrir folald eða þegar folald nær 30 daga aldri, hvort sem á undan verður.

D. Sameiginleg ákvæði vegna kynbótahryssutryggingar

5. Vátryggingarfjárhæð

- 5.1 Vátryggingarfjárhæðir koma fram á vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun.
- 5.2 Vátryggingarfjárhæð hryssunnar skal vera jafnhá markaðsvirði hennar og er ákveðin með hliðsjón af kaupverði og viðurkenndum verðleikum.
- 5.3 Upphæð vátryggingarfjárhæðar er ekki sönnun fyrir verðmæti hryssunnar.

6. Ákvörðun bóta

- 6.1 Bætur skulu miðaðar við markaðsvirði hryssunnar á tjónsdegi, en geta þó aldrei orðið hærri en vátryggingarfjárhæð.
- 6.2 Hlutabætur samkvæmt gr. 2.2 eru alltaf 100.000 kr. lægri en bætur hefðu orðið samkvæmt gr. 6.1.

7. Aldurstakmörk

- 7.1 Við upphaf vátryggingarinnar skal hryssa ekki vera yngri en 3 vetra eða eldri en 15 vetra.
- 7.2 Við endurnýjun vátryggingarinnar á því almanaksári sem hryssan verður 19 vetra lækkar vátryggingarfjárhæðin um 20% og síðan árlega um 20% af vátryggingarfjárhæðinni hverju sinni við endurnýjun eftir það. Vátryggingin fellur síðan niður og endurnýjast ekki þegar hryssan hefur náð 23 vetra aldri.

VII. Takmörkuð líftrygging

Efnisyfirlit:

1. Bótasvið
2. Vátryggingarfjárhæð
3. Ákvörðun bóta
4. Aldurstakmörk

1. Bótasvið

Félagið greiðir bætur ef:

- 1.1 Hesturinn deyr af völdum sjúkdóms eða slyss.
- 1.2 Hesturinn er svo sjúkur eða slasaður að tafarlaus aflifun er ráðlögð af dýralækni, þar sem lækningsefni bryti í bága við dýraverndunarsjónarmið.
- 1.3 Hesturinn hverfur og þrátt fyrir auglýsingu og eðlilega leit finnst ekki aftur innan fjögurra mánaða.

Félagið greiðir ekki bætur ef hesturinn deyr eða aflífa þarf hann vegna:

- 1.4 Sjúkdóms sem hesturinn fær innan 20 daga frá gildistöku váttryggingarinnar, eða vegna sjúkdóms eða slyss sem átti sér upphaf fyrir þann tíma sem váttryggingin tók gildi, hvort sem greining hafði átt sér stað eða ekki. Ákvörðun um upphaf sjúkdóms eða meiðsla grundvallast á áliti dýralæknis. Félagið áskilur sér rétt til að leita sérfræðiálits dýralæknis.
Framangreint ákvæði á einnig við ef að váttryggingarfjárhæð váttryggingarinnar er hækkuð að beiðni váttryggingartaka, í slíkum tilfellum gildir eldri váttryggingarfjárhæð.
- 1.5 Geðslagsvandamála, sjúklegrar greddu eða slæmra siða (húslasta).
- 1.6 Stífkrampa ef hesturinn hefur ekki verið bólusettur á fullnægjandi hátt.
- 1.7 Spatts eða annarra viðvarandi hreyfivandamála svo og viðvarandi vandamála sem verða skyndilega alvarleg.
- 1.8 Fyrirmæla opinberra yfirvalda eða annarra sambærilegra ráðstafana.
- 1.9 Heltis
- 1.10 Líkamlegra þroskahamlana.
- 1.11 Brots eða sprungu í beinvef sem sýnir merki um veikleika, beineyðingu (decalcification), hörðnun (sclerosis) eða gigt.
- 1.12 Viðvarandi vandamála í öndunarfærum og viðvarandi vandamála sem verða skyndilega alvarleg.

2. Váttryggingarfjárhæð

- 2.1 Váttryggingarfjárhæðir koma fram á váttryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun.
- 2.2 Váttryggingarfjárhæð hestsins skal vera jafnhá markaðsvirði hans og er ákveðin með hliðsjón af kaupverði og viðurkenndum verðleikum.
- 2.3 Upphæð váttryggingarfjárhæðar er ekki sönnun fyrir verðmæti hestsins.

3. Ákvörðun bóta

Bætur skulu miðaðar við markaðsvirði hestsins á tjónsdegi, en geta þó aldrei orðið hærri en váttryggingarfjárhæð.

4. Aldurstakmörk

- 4.1 Við upphaf váttryggingarinnar skal hestur ekki vera eldri en 15 vetra.
- 4.2 Við endurnýjun váttryggingarinnar á því almanaksári sem hesturinn verður 19 vetra lækkar váttryggingarfjárhæðin um 20% og síðan árlega um 20% af váttryggingarfjárhæðinni hverju sinni við endurnýjun eftir það. Váttryggingin fellur síðan niður og endurnýjast ekki þegar hesturinn hefur náð 23 vetra aldri.

VIII. Ófrjósemistrygging fyrir stóðhesta

Efnisyfirlit:

1. Bótasvið
2. Váttryggingarfjárhæð
3. Aldurstakmörk
4. Bótagreiðslur
5. Skráning og upplýsingaskylda

Inngangur

Váttrygging þessi bætir varanlega skerðingu á frjósemi stóðhests eða missi líkamlegrar getu til að fylja hryssur vegna sjúkdóms eða slyss.

Váttryggingin er eingöngu fyrir stóðhesta sem hafa sannanlega staðfesta hæfni til að fylja hryssur.

Notkunartímabil er skilgreint sem húsnótun og tvö samliggjandi gangmál innan eins og sama almanaksársins. Notkunartímabil hefst sama dag og húsnótun eða fyrra gangmál hefst, og því lýkur sama dag og síðara gangmáli lýkur.

Við mat á hæfni hestsins til fyljunar er stuðst við stóðhestaskýrslu hestsins fyrir hvert notkunartímabil, og fyljunarhlutfall hans fyrir sama tímabil.

Fyljunarhlutfall er hlutfall hryssa sem hafa orðið fylfullar á móti heildarfjölda hryssa sem leiddar eru undir hestinn eða sæddar með sæði hans á hverju almanaksári.

Upplýsingar sem lagðar eru til grundvallar við útreikning fyljunarhluftalls skulu fengnar úr fangvottorðum hryssa, sem móttækin eru og skráð af Bændasamtökum Íslands, í samræmi við 4. gr. reglugerðar nr. 948/2002 um uppruna og ræktun íslenska hestsins.

Fyljunarhlutfall skal reikna í fyrsta lagi mánuði eftir lokaskilafrest til innsendinga á fangvottorðum til Bændasamtaka Íslands.

Til að váttryggingin verði virk á hverju notkunartímabili þurfa 15 hryssur eða fleiri að vera leiddar undir stóðhestinn eða sæddar með sæði hans á hverju notkunartímabili.

1. Bótasvið

Félagið greiðir bætur vegna varanlegrar ófrjósemi stóðhests af völdum slyss eða sjúkdóms, sem hér segir:

- 1.1 Váttryggingarfjárhæðin er greidd að fullu ef engin hryssa hefur orðið fylfull eftir stóðhestinn á notkunartímabilinu.
- 1.2 75% váttryggingarfjárhæðarinnar er greidd ef fyljunarhlutfall er 10% eða lægra á síðasta notkunartímabili.
- 1.3 Félagið greiðir ekki bætur nema dýralæknir hafi, með skoðun og rannsókn, þ.m.t. rannsókn á magni og gæðum sæðisfruma, staðfest skerðingu eða algeran missi frjósemi sem rekja má beint til slyss eða sjúkdóms sem hesturinn hefur orðið fyrir á váttryggingartímanum.
- 1.4 Greiði félagið bætur skal hesturinn geldur. Bætur eru ekki greiddar fyrr en gelding hefur farið fram og staðfesting þar að lútandi verið send félaginu.

Félagið greiðir ekki bætur vegna :

- 1.6 Sjúkdóms sem hesturinn fær innan 20 daga frá gildistöku váttryggingarinnar, eða vegna sjúkdóms eða slyss sem átti sér upphaf fyrir þann tíma sem váttryggingin tók gildi, hvort sem greining hafði átt sér stað eða ekki. Ákvörðun um upphaf sjúkdóms eða meiðsla grundvallast á álitum dýralæknis. Félagið áskilur sér rétt til að leita sérfræðiálits dýralæknis.
Framangreint ákvæði á einnig við ef að váttryggingarfjárhæð váttryggingarinnar er hækkuð að beiðni váttryggingartaka, í slíkum tilfellum gildir eldri váttryggingarfjárhæð.
- 1.7 Vandamála er tengjast erfðagalla hans sem leiða til þess að taka þurfti hestinn úr ræktun
- 1.8 Geðslagsvandamála, eða annarra geðsjúkdóma.
- 1.9 Spatts.

2. Váttryggingarfjárhæð

- 2.1 Váttryggingarfjárhæð kemur fram á váttryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun.
- 2.2 Váttryggingarfjárhæðin má ekki vera hærri en heildarupphæð þeirra líftrygginga sem eru í gildi fyrir stóðhestinn.
- 2.3 Félagið áskilur sér rétt til að breyta váttryggingarfjárhæð þegar váttryggingin er endurnýjuð með hliðsjón af markaðsvirði hestsins.

3. Aldurstakmörk

- 3.1 Við upphaf váttryggingarinnar skal hestur ekki vera yngri en 3 vetra eða eldri en 15 vetra.
- 3.2 Váttryggingin fellur niður og endurnýjast ekki þegar hesturinn hefur náð 15 vetra aldri.

4. Bótagreiðslur

Þegar bætur eru greiddar færast eignarréttur á frosnu sæði sem og kröfuréttur og bætur gagnvart þriðja aðila til félagsins.

5. Skráning og upplýsingaskylda

- 5.1 Váttryggingartaki er ábyrgur fyrir að halda stóðhestaskýrslu um notkun hestsins og hversu oft hann er leiddur á hryssur. Einnig skal þar koma fram hvenær sæði er tekið úr hestinum og hryssur sæddar.

- 5.2 Tilkynna skal félaginu strax ef smitsjúkdómur kemur upp í hesthúsinu þar sem stóðhesturinn er geymdur eða á öðrum stað þar sem hann heldur til, og hætta er á að stóðhesturinn geti smitast af beinni snertingu, eða hann smiti hryssurnar og þar með haft áhrif á mögulega fyljun þeirra. Ef grunur leikur, á að svo sé skal tafarlaust leita til dýralæknis.
- 5.3 Upplýsingar um fjölda fyljaðra hryssa skulu staðfestar með fyljunarvottorði frá Bændasamtökum Íslands.

IX. Ábyrgðartrygging

Efnisyfirlit:

1. Ábyrgðartími
2. Bótasvið
3. Vátryggingarfjárhæð
4. Eigin áhætta
5. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón
6. Ákvörðun bóta fyrir munatjón
7. Staða tjónþola við tjón
8. Meðferð bótakrafna

Inngangur

Samkvæmt íslenskum lögum bera menn skaðabótaábyrgð á tjóni sem þeir valda öðrum saknæmum og ólögðum hætti. Þessi regla er nefnd sakarregla og er grundvallarregla í íslenskum rétti. Ef sá sem sóttur er til greiðslu skaðabóta á ekki sök á tjóninu ber hann almennt ekki skaðabótaábyrgð.

Hlutverk ábyrgðartryggingar er að greiða skaðabætur fyrir vátryggðan ef hann hefur bakað sér skaðabótaábyrgð, að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjón sitt sjálfur vegna meðsakar eða meðábyrgðar, og einnig greiða kostnað sem vátryggður verður fyrir, ef skaðabótakrafa er gerð á hendur honum.

Þar sem skaðabótaábyrgð er oft flókið lögfræðilegt úrlausnarefni ber vátryggðum að leita samráðs við félagið um réttarstöðu sína, ef hann er krafinn skaðabóta vegna tjóns sem hann er talinn eiga sök á. Jafnframt er vátryggðum bent á að lesa ábyrgðartryggingarskilmálann með þetta í huga.

Viðurkenning vátryggðs á skaðabótaskyldu skuldbindur aðeins hann sjálfan, en ekki félagið. Vátryggður getur því með slíkri viðurkenningu átt það á hættu að greiða sjálfur skaðabætur vegna tjóns, sem ábyrgðartryggingin tekur ekki til.

1. Ábyrgðartími

- 1.1 Vátryggingin tekur til vátryggingaratburðar sem verður á vátryggingartímabilinu.
- 1.2 Komi afleiðingar atviks sem tjón hefur hlotist af og gerst hefur á vátryggingartímabilinu ekki í ljós fyrr en vátryggingin er fallin úr gildi greiðir félagið samt sem áður bætur.
- 1.3 Félagið greiðir ekki bætur fyrir tjón vegna atviks sem varð áður en vátryggingartímabilið hófst, enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrr en á vátryggingartímabilinu.

2. Bótasvið

Vátryggingin bætir:

- 2.1 Beint líkams- eða munatjón þriðja manns vegna skaðabótaábyrgðar vátryggðs sem fellur á hann sem eiganda hests samkvæmt íslenskum lögum. Með munum er átt við fasteign og lausafé, þ.m.t. dýr. Vátryggingin bætir tjón að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjónið sjálfur vegna meðsakar eða meðábyrgðar.

Vátryggingin bætir ekki:

- 2.2 Tjón innan samninga, þ.e. tjón sem vátryggður ber ábyrgð á vegna vanefnda á samningi.
- 2.3 Tjón sem fjölskylda vátryggðs verður fyrir. Til fjölskyldu teljast maki (sambúðarmaki) vátryggðs, börn og annað skyldulið, enda eiga þessir aðilar sameiginlegt lögheimili.
Ofangreint ákvæði á einnig við um umsjónaraðila hestsins hverju sinni.
- 2.4 Tjón á munum sem vátryggður eða aðilar samkvæmt gr. 2.3 hafa til afnota, til geymslu, eða eru af öðrum orsökum í þeirra vörslu.
- 2.5 Tjón á munum stafi það af eldsvoða, vatni vegna slökkvistarfs, reyk, sóti eða sprengingu.
- 2.6 Tjón sem rekja má til þess að ekki er farið eftir lögum og reglum sem við eiga um viðkomandi dýrahald.

- 2.7 Kaup, dagpeninga eða aðrar greiðslur, sem váttryggða ber samkvæmt lögum eða samningi að greiða manni sem orðið hefur fyrir slysi.
- 2.8 Sektir, málskostnað eða önnur útgjöld í sambandi við refsímál.
- 2.9 Tjón sem rekja má til þess að hestinum verði á mistök við starfa sinn.

3. Váttryggingarfjárhæð

- 3.1 Ábyrgð félagsins vegna hvers einstaks váttryggingaratburðar takmarkast við váttryggingarfjárhæð sem tilgreind er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Verði fleiri en eitt tjónsatvik af sömu orsök teljast þau vera af völdum eins váttryggingaratburðar.
- 3.2 Kostnaður sem til er stofnað með samþykki félagsins til þess að skera úr um bótaskyldu váttryggðs og vextir af bótafjárhæð greiðast, enda þótt greiðsla félagsins fari af þeim sökum fram úr váttryggingarfjárhæðinni.
- 3.3 Sé váttryggingarfjárhæðin lægri en höfuðstóll bótafjárhæðar greiðist aðeins sá hluti kostnaðar og vaxta er svarar til bótafjárhæðar þeirrar sem félaginu ber að greiða.
- 3.4 Váttryggingarfjárhæð breytist samkvæmt vísitölu neysluverðs.

4. Eigin áhætta

- 4.1 Af hverju tjóni ber váttryggingartaki eigin áhættu sem tiltekin er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 4.2 Nái höfuðstóll bótakröfu ekki lágmarki eigin áhættu greiðir félagið ekki heldur kostnað þótt krafan og kostnaðurinn verði samanlagt hærri en fjárhæð eigin áhættu.
- 4.3 Fjárhæð eigin áhættu breytist samkvæmt vísitölu neysluverðs.

5. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón

Váttryggingin greiðir bætur fyrir líkamstjón þriðja manns á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993.

6. Ákvörðun bóta fyrir munatjón

- 6.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi.
- 6.2 Félagið getur annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist og greitt viðgerðarkostnað, ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati félagsins.
- 6.3 Félagið getur greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu, ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati félagsins. Hafi félagið greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.
- 6.4 Félagið hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir váttryggingaratburð og verðmæti eftir váttryggingaratburð.
- 6.5 Váttryggður skal ekki hagnast á váttryggingaratburði. Váttryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón váttryggðs.

7. Staða tjónþola við tjón

- 7.1 Ef váttrygging tekur til tjóns váttryggðs vegna skaðabótaábyrgðar sem hann ber getur tjónþoli krafist bóta beint frá félaginu. Félaginu og váttryggðum er skylt að upplýsa tjónþola um ábyrgðartryggingu sé hún fyrir hendi.
- 7.2 Ef fram kemur krafa um bætur á hendur félaginu skal tilkynna það váttryggðum án ástæðulauss dráttar og veita honum upplýsingar um meðferð kröfunnar. Viðurkenning félagsins á atriðum sem lúta að ábyrgð er ekki bindandi fyrir váttryggðan.
- 7.3 Nú tilkynnir tjónþoli félaginu að hann hyggist höfða mál á hendur því og getur það þá krafist þess að hann beini málahöfðuninni einnig gegn váttryggðum. Skal félagið tilkynna tjónþola um þá kröfu sína án ástæðulausrar tafar og á sannanlegan hátt.
- 7.4 Um stöðu tjónþola að öðru leyti vísast til 44. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

8. Meðferð bótaskafna

- 8.1 Vátryggður má ekki viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bætur án samþykkis félagsins.
- 8.2 Félagið kemur fram fyrir hönd hinna vátryggðu og ræður málsmeðferð allri og annast málsmeðferð fyrir dómstólum ef á reynir. Sama gildir um kröfur um laun fyrir björgun eða aðstoð.